

GJALDSKRÁ

**fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum
og kaldavatns- og fráveitur Þingeyjarsveitar.**

1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari sem gildir frá og með 1. janúar 2014 fyrir orkuveituvæði hitaveitunnar. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 7%. Á heimæðar kaldavatnsveitu leggst ekki vsk. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:

a) Fyrir vatn 56°C og heitara skv. mæli	kr.	40,79	pr. m ³
b) Fyrir vatn 51°C til 55°C skv. mæli	kr.	31,13	pr. m ³
c) Fyrir vatn 50°C og kaldara skv. mæli	kr.	23,61	pr. m ³
d) Orkugjald Laugafisks skv. mæli	kr.	24,69	pr. m ³
e) Orkugjald á nýttu framhjárennslí	kr.	16,10	pr. m ³
f) Sundlaugar einstaklinga	kr.	19,34	pr. m ³
g) Mælagjald	kr.	1.971,57	pr. mánuð

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

Til að njóta sérstaks gjalda vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnar sérstökum aukamæli.

Lifeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennslismælis hefur verið settur upp eða mælis bilar áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælisstærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykdæla, og Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum, og kaldavatnsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 166.250 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inn-takið séað hámarki 32 mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast kr. 2.632 fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimæðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísítölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinntaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimæðagjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengigjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabyggðar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur skv. samningi. T-gjaldið skal vera 123.696 kr. fyrir heitt vatn, 67.702 kr. fyrir kalt vatn og fyrir fráveitu 62.228 kr. Öll gjöld samkvæmt grein þessari eru bundin breytingum á vísítölu byggingarkostnaðar sem var 1. desember 2007, 377,7 stig.

5. gr.

Innifalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnloka, rennslismæli og inntaksloka við hann, sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrindar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru eign hans.

Nr. 1242

12. desember 2013

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 4.687 kr.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að málí.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1283/2012.

Þingeyjarsveit, 12. desember 2013.

Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2014